# Stjórn foreldrafélags Helgafellsskóla

**Stjórnarfundur 21.nóv kl. 20.00 - Jólaskemmtunar og almennt starf**


| | |
|---|---|
| Fundur settur | 1 |
| Skólaráðsfundur | 1 |
| SAMMOS | 2 |
| Jólasveinar | 2 |
| Föndur-herbergi | 2 |
| Pikarkökuskreytingar | 2 |
| Fatamarkaður | 2 |
| Kaffisala | 2 |
| Fjáröflun f. 7.bekk | 2 |
| Annað | 3 |
| To-do | 3 |


## Fundur settur

Mættir eru: Lea, Ingibjörg, Hólmfríður og Sunna

## Skólaráðsfundur

Farið yfir Skólapúlsinn. Könnun sem er gerð meðal nemenda.
6.-9. bekkur kom illa út miðað við landsvísu. Einelti, vanlíðan, vantraust/vonleysi gagnvart eigin frammistöðu.
Í þessari viku verður farið í að krifja þessi mál með árgöngunum.
2.-5.bekkur voru í samræmi við landsvísu. Einelti og hreyfing var með einhver neikvæð frávik í þessum árgöngum.
Hvar þau segjast verða fyrir einelti: neteinelti og í kennslustofu.

Okkar pælingar - hvað er að klikka hér: eru börnin að misskilja muninn á einelti og stríðni, er ekki fylgst nógu vel með í kennslustofu, erum við sem foreldrar að klikka hvað varðar aðgang og takmarkanir að miðlum þar sem einelti fer fram, er eineltisstefnan ekki í lagi, eða hvað er að klikka?
Krakkarnir í Helgó eru að koma héðan og þaðan og gæti vantað bekkjarbraginn, sem myndast þegar börn hafa fylgt hver öðru frá byrjun.

Starfsáætlunin er aðgengileg á heimasíðu Helgafellsskóla undir Skólastarfið - Stefnur og áætlanir:
http://helgafellsskoli.is/skolastarfid/stefnur-og-aaetlanir/
Foreldrafélagið mælir með að foreldrar lesi yfir þessa áætlun.

Það er væntanleg ný heimasíða fyrir alla skólana í Mosó.

Rætt að það vantar bókasafn í skólann. Verið að vinna í því að finna stað fyrir bókasafn. Taka glöð við hugmyndum.

## SAMMOS
Skiptafundur. Rædd mál sem hafa verið að koma upp í hinum skólunum. Hólmfríður missti af fyrsta korterinu. Ekkert sérstakt sem við þurfum að taka upp í kjölfar þessar fundar.

Lea minnti á að við vildum að það væri tekið upp á Sammos fundi að við leggjum til að Mosó borgi fyrir börn í strætó út grunnskóla. Hólmfríður ætlar að skrá hjá sér og ræða á næsta fundi.

## Jólasveinar
Búið að ákveða að sleppa þeim á jólaskemmtuninni. Ákveðið í hóp-skilaboðum með öllum í stjórn. Jólasveinar verða á jólaballinu í skólanum.

## Föndur-herbergi
Lea og Ingibjörg þurfa að nálgast það sem er til. Ræða svo saman hvað á að bjóða upp á og hvað þarf að kaupa í það. Hugmyndir: Músastigar, karakterar og snjókorn úr dagblöðum.
Athuga sponsa f. hráefni (t.d. pappír)

## Pikarkökuskreytingar
Kaupa 15 stk af 5-pack glassúrpakkningum - 15þús kr í heildina.
Búa til auka-glassúr um morguninn til að fylla á túpur.
Kaupa pappadiska til að skammta piparkökum á.
Tjékka á Nettó með piparköku-spons. Viljum blandaðar kökur (ekki bara hjörtu) og setjum 5 kökur á hvern disk.

Ef við gerum ráð fyrir að helmingurinn af börnunum komi í piparkökurnar - ca 200 börn, þá þurfum við 1.000 kökur.

Hólmfríður finnur til myndir til að lita á. Sunna spyr Rósu hvort við getum prenta út í skólanum. Hvaða stofa myndi henta best í þetta?

## Fatamarkaður
Birta Jónsdóttir hafði samband og vildi taka að sér að vera með fatamarkað fyrir foreldra í skólanum. Þeir sem vilja koma með föt sem börnin þeirra eru hætt að nota og allir mega fara í gegnum föt og taka það sem passar/vantar á börnin þeirra í staðinn.

Rósa stakk upp á hafa þetta á jólaskemmtuninni, sem var samþykkt af stjórn foreldrafélags.
Höfum fatamarkaðinn í salnum.
Birta ber ábyrgð á að halda utan um fatamarkaðinn, en við setjum tilkynningu inn í auglýsingu fyrir jólaskemmtunina.

## Kaffisala
Fjáröflun fyrir 6.bekk. Ella og Svala eru árgangafulltrúar í 6.bekk. Þær vilja að börnin baki sjálf fyrir kaffisöluna. Ætla að bera ábyrgð á þessu sjálfar og leita til okkar ef það vantar einhverja aðstoð. Benda þeim á að bjóða upp á heitt kakó líka.

## Fjáröflun f. 7.bekk
7. bekkur er svo kominn á fullt í happdrættismálið, að finna vinninga.

Lea ræðir við árgangafulltrúann varðandi framgang og framkvæmd.

## Annað

Rútubílstjóri - börnin okkar, sem eru í 2.bekk, 5.bekk og 8.bekk hafa öll kvartað yfir því að rútubílstjórinn sem er kvenkyns, sé mjög dónaleg. Taka fram að hún sé ekki bara ströng, heldur virkilega dónaleg framkoma gagnvart börnunum.

Ólafur og Gunnar - vera “alt mulig mand” á staðnum. Geta hoppað til ef eitthvað vantar, hoppa inn í þær stöðvar sem þarf mest á að halda og tjékka á krökkum í fjáröflun ofl.

Listi yfir árgangafulltrúa - Lea ætlar að senda á Rósu og biðja hana um að setja uppfærðan lista yfir á heimasíðuna.

Þurfum að prenta út reikningsupplýsingar, til að hafa sýnilegar fyrir kaffisölu og happdrætti.

Þurfum að ítreka við árgangafulltrúa að deila skjalinu fyrir skráninguna á stöðvar.
Skjal til að skrá á stöðvar: https://docs.google.com/spreadsheets/d/1guQ9t90vTp_pdP9k3YVReFVZmJ7-YWNoFuICbgg1uys/edit?usp=sharing

Margir árgangar búnir að halda bekkjarhitting á þessari önn. Sumir jafnvel farnir að skipuleggja fleiri hittinga á önninni.
Hver árgangur fær 10þús kr í styrk fyrir hittinga. Er það á önn eða fyrir allt árið? Athuga.

Vinhópar komnir á í 2.bekk. Mætti benda kennurunum á að stofna til svona vinahópa í fleiri árgöngum. Mætti líka ítreka í árgangafulltrúa-grúppu.

Búið að hringja ítrekað í Mosfellsbæ útaf því að það vantar ljós á ljósastaura. ON ber ábyrgð á.
Virðist vera að detta út í Vefarastræti af og til.
Vantaði líka ljós á Helgó lóð - hringt í skóla og átti að ræða við Rósu. Er búið að laga?

Af hverju eru gangbrautarvarslan ekki núna, eins og áður?
Hólmfríður ætlar að spyrja út í þetta á næsta SAMMOS fundi - hver greiðir stóru krökkunum í Lágó fyrir gangbrautarvörslu (fjáröflun)?

Lóðarmál - er Guðjón eitthvað að skoða þetta?
Hver er staðan á að taka bláu brekkuna í burtu?

Fyrirlestrar - verðum að hafa 1-2 fyrirlestra eftir áramót. Ræða á næsta fundi.

Höldum næst fund í janúar.

## To-do

Ákveða hvað á að vera í hvaða stofu - spyrja Rósu út í - Sunna
Tala við Rósu um rútubílstjóra - Sunna
Ræða gangbrautarvörslu við Rósu - Sunna
Spyrja Rósu hver staðan er á að taka bláu brekkuna í burtu - Sunna
Spyrja Rósu hvort salurinn sé ekki hentugasti staðurinn fyrir fatamarkaðinn - Sunna

Lea ætlar að hafa samband við Elínu varðandi magnið á hráefni o.fl. Hvernig var þetta 2019?
Ræða við árgangafulltrúa í 7.bekk varðandi framgang og framkvæmd á happdrætti - Lea
Senda á Rósu og biðja hana um að setja uppfærðan árgangafulltrúa lista yfir á heimasíðuna - Lea
Ítreka við árgangafulltrúa að deila skjalinu fyrir skráninguna á stöðvar - Lea
Ítreka í árgangafulltrúa-grúppu að það gæti verið gott að búa til vinahópa í fleiri árgöngum - Lea

Prenta út myndir til að lita (fá skóla til að prenta?) - Hófí finnur til myndir, Sunna spyr Rósu hvort það sé hægt að prenta í skólanum

Tjékka á Nettó með piparköku-spons - Sunna & Hófí

Búa til auglýsingu - Sunna
Tala við Birtu varðandi framkvæmd á fatamarkaði - Sunna

Prenta út reikningsupplýsingar, til að hafa sýnilegar fyrir kaffisölu og happdrætti - Gunnar
Tala við Guðjón varðandi lóðarmál - Gunnar

Athuga hvort búið sé að setja ljós á ljósastaura í Helgó - öll muna saman